

það, sem ákveðið er í 15 gr., að sýslumennirnir skuli ráðstafa því nauðsynlega til áfrúnar undirréttardómsins fyrir landsyfirrétti, verður dómsmálastjórnin að álita, að tæða 15. grein eigi að skilja samkvæmt því, sem lög eru til í konungsríkinu eftir 17. gr. í tilskipun 29. nóvbr. 1837, er nákvæmar ákveður um lögsókn í sakamálum, o. s. frv., þannig, að bæði þegar nauðsyn er á að skjóta málinu til æðra dóms og þegar hinn dæmði krefst þess, skuli senda amtinu dómsgjörðirnar, eftir að sýslumaður hefir ritað á þær það, sem með þarf, og skal amtið þá, ef því finnst ekki ástæða til að skjóta málinu til yfirrettarins fyrir hið opinbera, en hinn dæmði hefir heimtað það, koma dómsgjörðunum til yfirrettarins, en ef amtið fyrir hönd hins opinbera stefnir málinu til yfirrettarins, skal senda dómsgjörðirnar aptur til sýslumanns, svo stefna amtsins verði birt hlutadeiganda, og þá skal aptur senda þær amtinu, og þaðan skulu þær ganga til yfirrettarins. Stjórnarráðinu hefir ekki fundizt ástæða til að breyta þessu, og skal jafnframt benda amtinu á, að þegar hinn dæmði hefir heimtað, að málið gangi til æðra dóms, þá sé aðeins þörf á, að hið sama sé gjört af hálfu hins opinbera, þegar svo stendur á, að hlutadeigandi er dæmdur sýkn af nokkrum þeim afbrotum, er hann er lögsóktur fyrir (sbr. umburðarbréf dómsmálastjórnarinnar 28. apríl 1851 og 15. desbr. 1852), en ekki þarf að skjóta málinu til yfirrettarins fyrir hönd hins opinbera til þess að hinn seki verði dæmdur í þyngri hegning, með því ekkert er því til fyrirstöðu, að yfirrettirnir leggi þyngri hegningu á hinn dæmda, jafnvel þó málið aðeins sé lagt undir æðri dóm eftir beiðni hans (sbr. hæztaréttar dóm 16. apríl 1868).

1871.
15. apríl.

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um gjald spítalahluta.

15. apríl.

Það það hefir komizt upp, þá er reikningar þeir, sem samkvæmt tilskipun 10. ágúst, 1868, 5 gr., gjörðir hafa verið um gjald spítalahluta í fyrra í sjö sýslum landsins og kaupstaðnum Reykjavík, að hlutadeigandi embættismenn, er þeir heimtuðu gjaldið, hafa skilið með ýmsu móti 2. gr. í tilskipuninni, þar sem fyrir er

1871.
15. apríl.

mælt, að gjaldið skuli goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs — en sumir þeirra hafa reiknað gjaldið eptir verðlagsskránni fyrir 1870—71, og aptur aðrir farið eptir verðlagsskránni fyrir 1869—70, — hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 10. f. m., farið þess á leit, að stjórnarráðið feli stiptsyfivöldunum á hendur, að tilkynna öllum þeim embættismönnum, er heimta saman þetta gjald, að reikna skuli gjaldið eptir þeirri verðlagsskrá, sem er í gildi 12. maí á því ári, án tillits til þess, að gjaldið sé heimtað saman á manntalsþingum, sem haldin eru eptir að hin nýja verðlagsskrá er búin að ná gildi, og veiti þeim myndugleika til, að samþykkja, er úrskurður fellur á reikninga yfir spítalagjöld fyrir árið 1869—70, þar sem gjaldið hefir verið talið eptir verðlagsskránni fyrir 1870—71, að hlutadeigandi reikningshaldarar eptir atvikum sé látnir vera ábyrgðarlausir um þetta.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni, og svo þér auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á þessa uppástungu yðar.

15. apríl.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um dýralækni í suðurumdæminu.¹

Sökum þess, að dýralæknir Snorri Jónsson, sem tekinn var til dýralæknis í suðurumdæminu fyrir tímann frá 1. septbr. f. á. til 30. apríl þ. á., hefir í þessari stöðu sinni gjört mjög mikið gagn, hafið þér, herra stiptamtmaður, álitid það æskilegt, að hann fengist til að dveljast að minnsta kosti eitt ár enn í suðurumdæminu, með því hann þá gæti rannsakað nákvæmlega hina skaðvænu bráðasótt meðal sauðfjárins, og mætti einnig leita til hans, ef skepnur syktist á annan hátt. Þaræð ástandi jafnaðarsjóðsins er svo varið, að hann mundi ekki geta staðizt kostnaðinn

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 117.